


Alþingi
Erindi nr. P 128/767
komudagur 15.1.2003



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS


Nefndasvið Alþingis,
samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 10. janúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vinnutíma sjómanna, 390. mál.

Tilgangur frumvarpsins er að gera breytingar á sjómannalögum vegna innleiðingar EES-gerða sem varða vinnu- og hvíldartíma skipverja, á fiskiskipum annars vegar og á farþega- og flutningaskipum hins vegar. Vélstjórafélag Íslands setur ekki fram athugasemdir við frumvarpið enda yfirfarið af samráðshópi sem félagið átti fulltrúa í.

Þó vill félagið ítreka þá afstöðu sína að sá sveigjanleiki sem lög þessi veita útgerðarmönnum hvað snertir vinnutíma sjómanna, í samanburði við sambærilega löggjöf vegna starfa launþega í landi, leiðir til þeirrar niðurstöðu að brýnt sé að fylgja ákvæðum kjarasamninga milli sjómanna og útgerðarmanna um lágmarksfrí, hafnar- og helgarfrí, jóla- og áramótafrí o.s.frv.

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!

Borgartúni 18 105 Reykjavík sími: 562 9062 Bréfasími: 562 9096
Umboðsskrifstofur: Vesturlandi: Sæbóli 29 350 Grundarfirði sími: 438 6894 Norðurlandi: Skipagötu 14 600 Akureyri Sími: 4621870
Suð-Austurland: Smárabraut 13 780 Höfn Hornafirði sími: 478 1255
Deildir Suðurnesjum: Hafnargötu 32 230 Reykjanesbæ Vestfjörðum: Hlíðarstræti 14 415 Bolungarvík
Vestmannaeyjum: Básam Básaskersbryggju 900 Vestmannaeyjum